

# Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra Ársreikningur 2025

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra  
Höfðabraut 6  
530 Hvammstangi

kt. 541292-2419

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV. Þau eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og starfa með tilvísun til 97. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samtökin eru hagsmuna-, þjónustu- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna. Málaflokkar sem SSNV fæst við varða m.a. byggðapróun, atvinnumál, menntamál, samgöngumál, menningarmál og kynningu Norðurlands vestra.

Hagnaður varð af rekstri samtakanna á árinu að fjárhæð 14,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi (2024: 0,6 millj. kr.). Eigið fé samtakanna nam í árslok 121,3 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Á árinu störfuðu 8 starfsmenn hjá SSNV í 7,25 ársverkum, auk þeirra störfuðu 19 aðilar í stjórn og nefndum samtakanna. Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu 26,5 millj. kr. á árinu (2024; 28,1 millj. kr.). Heildarlaun og launatengd gjöld námu 126,3 millj. kr. á árinu (2024, 120,7 millj. kr.).

Aðildarsveitarfélög samtakanna eru fjögur en þau eru: Húnaþing vestra, Húnaþing norðvestra, Sveitarfélagið Skagaströnd og Skagafjörður.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 24. mars 2026

Stjórn:

Einar Eðvald Einarsson  
Magnús Magnússon  
Halldór Gunnar Ólafsson  
Guðmundur Haukur Jakobsson  
Álfhildur Leifsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og aðildarsveitarfélaga Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra („samtökin“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samtökunum í samræmi við gildandi síðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samtakanna og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samtökin upp eða hætta starfsemi þeirra, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samtakanna.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samtakanna. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samtökin órekstrarhæf.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Hvammstanga, 24. mars 2026

**KPMG ehf.**

Helgi Níelsson

# Rekstrarreikningur árið 2025

	Skýr.	Ársreikningur 2025	Fjárhagsáætlun 2025	Ársreikningur 2024
<b>Rekstrartekjur</b>				
Framlag ríkissjóðs .....		243.232.797	204.175.701	261.698.224
Framlag sveitarfélaga .....		23.974.982	23.941.844	23.941.844
Framlag til Áfangastofu .....		47.500.000	33.000.000	33.000.000
Aðrar tekjur .....		37.867.111	16.152.691	11.634.855
	2	<u>352.574.890</u>	<u>277.270.236</u>	<u>330.274.923</u>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	7	126.320.396	120.169.991	120.690.618
Annar kostnaður vegna áhersluverkefna Sóknaráætlunar .....		38.927.902	69.488.742	31.629.133
Annar kostnaður vegna Sóknaráætlunar .....		3.396.744	0	0
Annar kostnaður vegna Evrópuverkefna .....		10.477.265	0	765.402
Framlag til Áfangastofu .....		47.500.000	33.000.000	33.000.000
Styrkveitingar .....		78.128.877	60.000.000	112.016.793
Stjórnunarkostnaður .....		40.180.530	32.601.150	39.498.591
		<u>344.931.714</u>	<u>315.259.883</u>	<u>337.600.537</u>
<b>Rekstrarniðurstaða (neikvæð) fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....</b>		7.643.176	( 37.989.647)	( 7.325.614)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>				
Vaxtatekjur .....		8.725.840	5.000.000	10.222.382
Fjármagnstekjuskattur .....		( 1.887.649)	0	( 2.231.347)
Vaxtagjöld .....		( 71.166)	0	( 101.290)
		<u>6.767.025</u>	<u>5.000.000</u>	<u>7.889.745</u>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð).....</b>	8	<u>14.410.201</u>	<u>( 32.989.647)</u>	<u>564.131</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
<b>Eignir</b>			
Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs .....	3,7	4.303.423	4.529.596
Fastafjármunir		<u>4.303.423</u>	<u>4.529.596</u>
Næsta árs gjaldfærsla, fyrirframgreiðslu til Brúar lífeyrissjóðs .....	7	226.173	226.173
Viðskiptakröfur .....		965.260	6.579.674
Óinnheimtir styrkir .....		9.803.913	0
Aðrar kröfur .....		2.173.046	1.380.422
Handbært fé .....	6	164.217.841	174.426.018
Veltufjármunir		<u>177.386.233</u>	<u>182.612.287</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>181.689.656</u></u>	<u><u>187.141.883</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Eiginfjárreikningur .....		121.301.015	106.890.813
Eigið fé	8	<u>121.301.015</u>	<u>106.890.813</u>
<b>Skuldbindingar</b>			
Lífeyrisskuldbinding .....	9	22.466.853	21.193.325
Skuldbindingar		<u>22.466.853</u>	<u>21.193.325</u>
<b>Skuldir</b>			
Viðskiptaskuldir og ógreiddur kostnaður .....		2.632.644	2.377.358
Ógreiddir styrkir .....		21.436.235	35.943.798
Skammtíamahluti lífeyrisskuldbindingar .....	9	1.080.759	923.286
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		0	5.718.182
Aðrar skammtímaskuldir .....		12.772.150	14.095.120
Skammtímaskuldir		<u>37.921.788</u>	<u>59.057.744</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>181.689.656</u></u>	<u><u>187.141.883</u></u>



# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV. Þau eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og starfa með tilvísun til 97. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samtökin eru hagsmuna-, þjónustu- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna. Málaflokkar sem SSNV fæst við varða m.a. byggðaþróun, atvinnumál, menntamál, samgöngumál, menningarmál og kynningu Norðurlands vestra.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### 2. Innlaun tekna

Framlög sveitarfélaga eru tekjufærð á grundvelli samnings sveitarfélaganna sem að samtökunum standa. Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi og kröfuréttur myndast. Tekjur vegna verkefna sem ekki hafa klárast eru þó færðar hlutfallslega í samræmi við framgang verksins og ekki færðar að fullu fyrr en við verklok. Þær tekjur eru færðar sem fyrirframinnheimtar tekjur á meðal skulda í efnahagsreikningi.

### 3. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum.

### 4. Áfallið orlof

Áfallið orlof er reiknað og fært í ársreikninginn og nemur skuldbindingin 7,7 millj. kr. í árslok 2025 og er hún færð meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

### 5. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2025 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

### 6. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### 7. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2025	2024
Laun .....	90.920.166	84.421.011
Stjórnarlaun .....	8.759.166	10.149.840
Launatengd gjöld .....	23.774.155	22.383.700
Áfallið orlof, breyting .....	( 142.390)	1.548.264
Annar starfsmannakostnaður .....	332.464	496.259
Framlag til A-deildar Brúar lífeyrissjóðs .....	226.173	395.219
Lífeyrisskuldbinding starfsmanna ríkisins B.deild, breyting .....	2.450.662	1.296.325
	<u>126.320.396</u>	<u>120.690.618</u>
Fjöldi starfsmanna að meðaltali .....	8,0	8,0
Ársverk .....	7,3	7,6

## Skýringar frh.

---

### 7. Laun og launatengd gjöld frh.

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð á árinu 2025 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2026 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjorsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjorsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu:

Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun.....	4.755.769
Gjaldfært á árinu.....	( 226.173)
Staða fyrirframgreiðslu í árslok.....	<u>4.529.596</u>

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna.....	226.173
Langtímahluti fyrirframgreiðslu.....	4.303.423
Samtals í efnahagsreikningi.....	<u>4.529.596</u>

Fyrirframgreiðsla skiptist þannig í árslok:

Framlag í lífeyrisaukasjóð.....	4.170.804
Framlag í varúðarsjóð.....	358.792
	<u>4.529.596</u>

### 8. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	<b>Samtals</b>
Eigið fé 1.1.2024 .....	106.326.682
Rekstrarniðurstaða ársins .....	564.131
Eigið fé 31.12.2024 .....	106.890.813
Rekstrarniðurstaða ársins .....	14.410.201
Eigið fé 31.12.2025 .....	<u>121.301.015</u>

### 9. Lífeyrisskuldbinding

Á SSNV hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna. Hækkun ársins á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingarstærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breyting lífeyrisskuldbindingar á árinu greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun .....	22.116.611
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna .....	( 1.019.661)
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu .....	<u>2.450.662</u>
Lífeyrisskuldbinding í árslok 2025 .....	23.547.612
Skammtíamhluti lífeyrisskuldbindingar .....	( 1.080.759)
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar í árslok 2025 .....	<u>22.466.853</u>

## Skýringar frh.

---

### 9. Lífeyrisskuldbinding, frh.

Afborganir árið 2026 .....	1.080.759
Afborganir árið 2027 .....	1.145.531
Afborganir árið 2028 .....	1.189.303
Afborganir árið 2029 .....	1.220.017
Afborganir árið 2030 .....	1.240.692
Síðar .....	17.671.310
Afborganir lífeyrisskuldbindingar samtals .....	<u>23.547.612</u>

### 10. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn SSNV auk æðstu stjórnenda þess eru skilgreindir sem tengdir aðilar SSNV. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

### 11. Samningur um Sóknaráætlun 2025-2029

Samkvæmt samningi sem gerður var við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið, eru Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, umsjónar- og framkvæmdaaðili sóknaráætlunar Norðurlands vestra fyrir árin 2025 til 2029. Í samningnum er kveðið á um að verkefni sóknaráætlunar séu þrjúþætt:

- Starfrækja uppbyggingarsjóð Norðurlands vestra.
- Setja af stað áhersluverkefni fyrir landshlutann sem eru n.k. átaksverkefni á sviði nýsköpunar, menningar og markaðsmála og hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar Norðurlands vestra.
- Móta sóknaráætlun Norðurlands vestra sem nær yfir árin 2025-2029.

Í samræmi við samning um sóknaráætlun Norðurlands vestra eru 5,25 millj. kr. færðar til tekna í rekstri SSNV til að mæta kostnaði við framkvæmd samningsins. Ógreiddir úthlutaðir verkefnastyрkir eru færðir til skuldar í efnahagsreikningi.

	SSNV	Atvinnuþróun	Sóknaráætlun Uppb.sjóður	Millifærslur	2025	Áætlun	2024
<b>Rekstrartekjur:</b>							
Framlag ríkissjóðs .....	49.799.154	32.684.439	160.749.204	0	243.232.797	204.175.701	261.698.224
Framlag sveitarfélaga .....	3.974.982	20.000.000	0	0	23.974.982	23.941.844	23.941.844
Þátttaka eigin sjóða í rekstri SSNV .....	10.500.000	0	0	( 10.500.000)	0	0	0
Framlag til Áfangastofu .....	47.500.000	0	0	0	47.500.000	33.000.000	33.000.000
Styrkir vegna Evrópuverkefna .....	0	35.166.330	0	0	35.166.330	10.905.891	9.009.339
Aðrar tekjur .....	1.434.875	400.173	865.733	0	2.700.781	5.246.800	2.625.516
	<u>113.209.011</u>	<u>88.250.942</u>	<u>161.614.937</u>	<u>( 10.500.000)</u>	<u>352.574.890</u>	<u>277.270.236</u>	<u>330.274.923</u>
<b>Laun og annar starfsmannakostnaður:</b>							
Laun .....	30.766.663	35.553.739	24.599.764	0	90.920.166	90.900.223	84.421.011
Laun stjórnar .....	7.744.056	0	1.015.110	0	8.759.166	8.500.000	10.149.840
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	2.790.632	4.799.766	3.437.711	0	11.028.109	11.431.000	12.623.828
Tryggingagjald .....	5.119.494	2.562.446	1.852.070	0	9.534.010	7.037.768	6.830.687
Stéttarfélagsgjöld .....	1.201.419	1.143.669	866.948	0	3.212.036	2.000.000	2.929.185
Áfallið orlof, breyting .....	( 155.475)	9.162	3.923	0	( 142.390)	0	1.548.264
Annar starfsmannakostnaður .....	224.464	90.000	18.000	0	332.464	301.000	496.259
Viðbótarframlag, lífsj. Brú .....	226.173	0	0	0	226.173	0	395.219
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu .....	2.450.662	0	0	0	2.450.662	0	1.296.325
	<u>50.368.088</u>	<u>44.158.782</u>	<u>31.793.526</u>	<u>0</u>	<u>126.320.396</u>	<u>120.169.991</u>	<u>120.690.618</u>
<b>Önnur gjöld í rekstrarreikningi:</b>							
Kostnaður vegna áhersluverkefna Sóknaráætlunar .....	0	0	38.927.902	0	38.927.902	69.488.742	31.629.133
Annar kostnaður vegna Sóknaráætlunar .....	0	0	3.396.744	0	3.396.744	0	0
Kostnaður vegna Evrópuverkefna .....	0	10.477.265	0	0	10.477.265	0	765.402
Framlag til Áfangastofu .....	47.500.000	0	0	0	47.500.000	33.000.000	33.000.000
Styrkveitingar .....	0	0	78.128.877	0	78.128.877	60.000.000	112.016.793
	<u>47.500.000</u>	<u>10.477.265</u>	<u>120.453.523</u>	<u>0</u>	<u>178.430.788</u>	<u>162.488.742</u>	<u>177.411.328</u>

	SSNV	Atvinnuþróun	Sóknaráætlun	Millifærslur	2025	Áætlun	2024
<b>Stjórnunarkostnaður:</b>							
Bifreiðastyrkur .....	316.940	0	113.843	0	430.783	400.000	375.342
Dagpeningar .....	1.032.400	633.881	459.200	0	2.125.481	2.000.000	2.180.450
Kostnaður vegna verkefna .....	3.788.930	136.149	3.602.145	0	7.527.224	8.500.000	12.066.629
Bifreiðakostnaður .....	2.320.310	2.075.144	1.621.113	0	6.016.567	5.500.160	5.305.967
Húsaleiga .....	3.433.688	1.403.564	2.345.211	0	7.182.463	4.040.000	4.282.118
Sameign, ræsting og viðhald .....	34.590	273.538	82.552	0	390.680	400.100	553.701
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði SSVN .....	0	5.250.000	5.250.000	( 10.500.000)	0	0	0
Reikningsskil og endurskoðun .....	2.076.981	0	0	0	2.076.981	4.004.610	1.998.273
Bókhaldsþjónusta .....	0	0	0	0	0	0	255.760
Önnur sérfræðiaðstoð .....	0	0	4.604.939	0	4.604.939	0	2.085.194
Rekstur tölvukerfis og netþjónusta .....	1.655.533	185.696	112.512	0	1.953.741	2.950.800	3.238.974
Gjaldfærðir rekstrarfjármunir .....	959.800	306.573	18.450	0	1.284.823	1.000.000	1.010.380
Sími og áskriftargjöld .....	556.381	502.271	332.439	0	1.391.091	400.000	356.936
Pappír, prentun og ritföng .....	11.217	7.913	12.670	0	31.800	0	74.409
Kostnaður við ársskýrslu .....	417.148	0	0	0	417.148	0	0
Póstburðargjöld og flutningskostnaður .....	20.932	0	0	0	20.932	0	15.933
Auglýsingar og markaðsátak .....	1.306.058	0	43.154	0	1.349.212	1.304.680	1.387.443
Fundir, námskeið, sýningar og ferðakostnaður .....	1.169.036	1.221.709	250.851	0	2.641.596	2.100.800	3.647.779
Ábyrgðartryggingar .....	274.361	0	0	0	274.361	0	254.059
Bækur, tímarit og blöð .....	41.690	0	0	0	41.690	0	39.024
Styrkir og framlög .....	264.007	0	0	0	264.007	0	226.693
Annar kostnaður .....	155.011	0	0	0	155.011	0	143.527
	<u>19.835.013</u>	<u>11.996.438</u>	<u>18.849.079</u>	<u>( 10.500.000)</u>	<u>40.180.530</u>	<u>32.601.150</u>	<u>39.498.591</u>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði</b>	<u>( 4.494.090)</u>	<u>21.618.457</u>	<u>( 9.481.191)</u>	<u>0</u>	<u>7.643.176</u>	<u>( 37.989.647)</u>	<u>( 7.325.614)</u>